

## GJALDSKRÁ

### fyrir kattahald í Blönduósþbæ.

#### 1. gr.

Af köttum í Blönduósþbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduósþbæ, nr. 1121/2005.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta gjald að upphæð kr. 2.850 ásamt árlegu leyfisgjaldi katta að upphæð kr. 3.250. Leyfisgjaldið er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á kattahaldi innan ársins.

#### 3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kattar	kr. 9.540
Önnur afhending kattar	kr. 17.175
Priðja afhending kattar	kr. 26.240
Við afhendingu kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 20.625

Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skránингargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 4. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduósþbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um kattahald í Blönduósþbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 31/2014. Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn Blönduósþbæjar og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

*Blönduósi, 8. janúar 2015.*

**Arnar Þór Sævarsson** sveitarstjóri.